

Grant gegn Bretlandi

Dómur frá 23. maí 2006

Mál nr. 32570/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Ahrif kynskiptiaðgerðar. Almannatryggingar. Mismunun á grundvelli kynferðis.

1. Málsatvik

Kærandi, Linda Grant, 68 ára, er breskur ríkisborgari og hefur gengist undir aðgerð til að breyta kyni sínu úr karli í konu. Fæðingarvottorð kæranda auðkennir hana sem karlkyns. Þrátt fyrir það hefur kærandi komið fram sem kona síðan 1963, er auðkennd sem kona á almannatryggingakorti sínu og hefur greitt iðgjöld til almannatrygginga sem kona (allt til 1975, en þá var greinarmunur á iðgjöldum eftir kynferði lagður niður). Árið 1972 hóf kærandi eigin atvinnurekstur og hóf þá að greiða í einkarekinn lífeyrissjóð.

Kærandi sótti um að fá eftirlaun frá almannatryggingum frá 22. desember 1997, á 60 ára afmæli sínu. Umsókn kæranda var hafnað með vísan til þess að hann ætti aðeins rétt á eftirlaunum þegar hann yrði 65 ára en það væri sá eftirlaunaaldur sem ætti við um karlmenn. Kærandi áfrýjaði án árangurs.

Þann 12. júlí 2002 sótti kærandi um að mál hennar yrði endurupptekið í ljósi nýgenginna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu (dómar 11. júlí 2002 í máli Christine Goodwin gegn Bretlandi og máli I gegn Bretlandi) um réttarstöðu kynskiptinga. Þrátt fyrir að hafa verið veitt áfrýjunarleyfi ákvað kærandi að halda málinu ekki til streitu að ráðum lögmanns sín. Hinn 22. desember 2002 náði kærandi 65 ára aldri og hófust þá eftirlaunagreiðslur til hennar. Hinn 26. apríl 2005 var kæranda úthlutað skírteini um viðurkenningu á kynferði eftir að hafa sótt um það á grundvelli sérstakra laga um þetta efni sem fela í sér lagalega viðurkenningu á kyni kynskiptinga.

2. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að breytt kynferði hennar hefði ekki notið lagalegrar viðurkenningar og að henni hefði verið neitað um að taka eftirlaun á sama aldri og aðrar konur (60 ára). Kærandi studdist við 8. gr., 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins

Um 8. gr.: Dómstóllinn sló því föstu með vísan til dóms síns í máli Christine Goodwin frá 2002 að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs hefði verið brotinn þar sem kyn hennar hefði ekki haft lagalega viðurkenningu. Þá taldi dómstóllinn að frá og með uppkvaðningu dóms í umræddu máli hefði kærandi átt rétt á því að njóta viðurkenningar sem kona að því er varðaði eftirlaun. Hins vegar var því hafnað að kærandi hefði átt að njóta slíkrar viðurkenningar fyrir þetta tímamark. Var því talið að brotið hefði verið á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr.

Um 1. gr. 1. viðauka og 14. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærandi hafði ekki átt rétt á að fá greidd eftirlaun við 60 ára aldur. Hugsanlega væri því ekki um neinn eignarrétt að ræða sem gæti virkjað 1. gr. 1. viðauka eina og sér án þess þó að tekin yrði endanleg afstaða til þess atriðis. Ef gert væri ráð fyrir því að réttur kæranda félli innan 1. gr. 1. viðauka væri synjun á kröfu kæranda hins vegar innan marka þess mats sem ríkið nyti samkvæmt 14. gr. Taldi dómstóllinn málið fyrst og fremst varða 8. gr. og ástæðulaust að taka frekar afstöðu til 1. gr. 1. viðauka eða 14. gr.

Á grundvelli 41. gr. dæmdi dómstóllinn kæranda 1.700 evrur í bætur og 28.149 evrur vegna málskostnaðar.